

Mál nr. 38/2016**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um orsakatengsl vegna umferðaróhapps 18. apríl 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 10. febrúar 2016 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V frá 24. febrúar 2016 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni þegar hann lenti í árekstri þann 18. apríl 2014 á Steingrímsfjarðarheiði. Samkvæmt tjónstilkynningu ökutækja, sem báðir ökumenn undirrituðu, varð áreksturinn með þeim hætti að bifreið X fór yfir á rangan vegarhelming og lenti framan á bifreið sem M var ökumaður í. Á tjónstilkynningunni er merkt við að ekki hafi orðið slys á fólki, ekki heldur minniháttar slys. M sendi svo tjónstilkynningu til V þann 2. janúar 2015 þar sem hann tilkynnti um líkamstjón vegna umferðarslyssins.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum virðist M ekki hafa kvartað til læknis um afleiðingar slyssins fyrr en 19. ágúst 2015 og var þá með kvartanir um verki og stirðleika í hálsi og hnakka.

Með bréfi þann 18. febrúar 2015 hafnaði V því að um bótaskyldu væri að ræða, m.a. með vísan til þess að orsakatengsl milli árekstursins og einkenna M væru ósönnuð. Hefur félagið því hafnað greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á orsakatengsl milli tjóns hans (einkenna) og tjónsatburðar. Verður nú vikið að því hvort M hafi í þessu máli tekist að sanna orsakatengsl milli óhappsins 18. apríl 2014 og þeirra varanlegu einkenna sem hann kveðst búa við í dag.

Ekki er getið um þess í fyrirbyggjandi tjónstilkynningu ökutækja að slys hafi orðið á fólki. Sérstaklega er merkt við á tjónstilkynningunni að enginn hafi slasast í árekstrinum. Ljóst er að engin samtímagögn um einkenni M liggja fyrir í málinu. Samkvæmt læknisvottorði leitaði M fyrst til læknis þann 19. ágúst 2014, eða fjórum mánuðum eftir atburðinn. Þetta læknisvottorð er eina læknisfræðilega skjalið sem lagt er fram í málinu.

Engin önnur gögn í málinu færa sönnur á að M hafi hlotið varanleg líkamleg einkenni vegna óhappsins 18. apríl 2014. Til að mynda hefur ekki verið lögð fram matsgerð í málinu. Verður því að telja að orsakatengsl milli óhappsins og varanlegra einkenna M séu ósönnuð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Reykjavík, 3. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir, lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.